



Borgarráð

### **Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um leigusamning vegna Perlunnar - Umsögn**

Þann 10. ágúst sl. var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um leigusamning vegna Perlunnar:

*„Perlan var byggð fyrir almannafé, upphaflega fyrir borgarbúa til að njóta og þess mikla útsýnis sem er frá húsinu. Allt frá því að húsið var byggt hefur aðgengi almennings að húsinu verið tryggt og hefur það notið mikilla vinsælda bæði hjá borgarbúum og gestum borgarinnar. Nú stendur hins vegar til að breyting verði á með gjaldtöku á útsýnispallinn sem mun skerða aðgengi almennings að húsinu. Eðlilegra hefði verið að borgin hefði tryggt að almenningur hefði áfram aðgengi að almenningsrýmum hússins eins og t.d. að útsýnispallinum. Perlan stendur við eitt stærsta útivistarsvæði borgarinnar og hefur verið í hugum borgarbúa sameign þeirra sem þeir vilja geta notið án skerðingar á aðgengi. Óskað er útarlegra upplýsinga um gerð þess leigusamnings sem gerður var við Perlu Nordursins um afnot af húsnæði Perlunnar. Þá er óskað svara við því hvort í upphaflegum hugmyndum hafi staðið til að gjaldtaka væri fyrirhuguð á útsýnispalli og hvernig aðgengi almennings að húsinu yrði háttað. Jafnframt er óskað upplýsinga um hvort leiguverðið endurspeglir tekjur af aðgangi á útsýnispallinn og hvort fermetrar svalanna séu teknar með í fermetrum í leigusamningi.“*

*Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:* Reykjavíkurborg auglýsti eftir áhugasömum aðilum þann 7. janúar 2016, til að sjá um rekstur sýningar í Perlunni sem fjalla mun á metnaðarfullan hátt um náttúru Íslands og gert var ráð fyrir því að reksturinn skapaði nýjan og áhugaverðan áfangastað í Öskjuhlíð sem drægi til sín fjölda innlendra og erlendra gesta. Drög að leigusamningi um leigu á Varmahlíð 1, Perlunni, var síðan samþykktur í borgarráði þann 31. mars 2016.

Í gögnum í umsókn leigutaka sem er hluti af leigusamningi og var lagður fyrir borgarráð var gert ráð fyrir því að útsýnispallar yrði hluti af sýningu leigutaka. Þar kemur meðal annars fram eftirfarandi:

*„Ætlunin er að byggja einstaka aðstöðu í Öskjuhlíðinni fyrir ferðamenn og Íslendinga. Opið verður upp í gegnum Perluna en eftir fyrsta rekstarárið verður frítt aðgengi endurskoðað, jafnhliða uppsetningu meðal annars sjónauka og því að pallurinn verður tekinn undir miðlun upplýsinga. Aðgangur að útsýnispallinum yrði þá með sama sniði og að turni Hallgrímskirkju og hóflegt gjald innheimt um leið og útsýnispallurinn verður innlimaður í upplifun sýningarinnar með sérstökum kíkjum sem breyta umhverfinu sem horft er á.“*

Hefur leigutaki unnið að því að hanna og útfæra sýningu í Perlunni og á útsýnispöllum sem mun í byrjun fela í sér að sett verða upp 16 upplýsingaskilti með um 24 metrum af upplýsingaefni um náttúru Íslands sem fyrir augu ber af útsýnispöllum Perlunnar. Verið er að breyta sjónaukum á útsýnispalli þannig að ekki þurfi að greiða sérstaklega í þá eins og er í dag. Unnið er því í samráði við

Náttúruminjasafni Íslands og jarðfræðinga að koma fyrir sýningu af helstu gerðum bergs á Íslandi á útsýnispallinum. Um er að ræða t.d. Blágrýti, grágrýti (Reykjavíkurgrágrýti), ljósgrýti, móberg/þursaberg og mismunandi hraungrýti. Geta gestir snert bergið og séð hvar það er að finna. Einnig er ætlunin að setja upp upplýsingaskilti um þann gróður sem er að finna í Öskjuhlíðinni. Á leigutímanum mun þessi hluti sýningarinnar breytast og er það markmið leigutaka að bæta við sérstökum sjónaukum til að auka enn á gæði sýningarinnar.

Leigutakar tóku Perluna á leigu með það fyrir augum að gera Perluna að áhugaverðum og spennandi áfangastað fyrir innlenda og erlenda gesti. Hefur leigutaki byggt upp metnaðarfulla sýningastarfsemi í Perlunni sem mun veita gestum einstaka innsýn og aukinn skilning á íslenski náttúru og er útsýnispallurinn hluti af því. Jöklasýning með manngerðum íshelli hefur verið opnuð ásamt jöklasafni sem er einstakt á heimsvísu. Einnig hefur Silfra verið manngerð í Perlunni. Unnið er að uppsetningu á öðrum áfanga sýningar í húsinu sem mun fela í sér sýningu um landið, ströndina og hafið. Gert er ráð fyrir opnun næsta vor. Á næsta ári er líka stefnt að því að opna sýningu með Náttúruminjasafni Íslands.

Perlan er að ganga í endurnýjun lífdaga. Spennandi og áhugavert sýningahald verður í Perlunni og verður útsýnispallurinn verður hluti af því.

Á 5. hæð Perlunnar, sem hingað til hefur verið veitingasalur og aðeins opið á kvöldin og þá bara fyrir matargesti, er nú opinn frá morgni til kvölds. Gestir munu því hafa aðgang að glæsilegri veitingasölu og verslun sem nú er komin á 4. og 5. hæð byggingarinnar og njóta þaðan útsýnisins án endurgjalds gegnum glerhjúpinn.

Í leigusamningi er gert ráð fyrir að hægt verði að heimsækja veitingastaði á 4. og 5. hæð án sérstaks aðgangseyris og að leigutaki veiti grunnskólabörnum í Reykjavík endurgjaldslaust að koma tvisvar sinnum í heimsókn í safnið á grunnskólagöngu frá 1. til 10. bekk.

Rekstrarkostnaður Perlunnar umfram leigutekjur nam liðlega 80 m.kr. á árinu 2014, tæplega 97 m.kr. á árinu 2015 og liðlega 91 m.kr. á árinu 2016. Þegar framkvæmdum við breytingar verður lokið og safnið opnað að fullu er gert ráð fyrir jákvæðri afkomu af rekstri Perlunnar fyrir Eignasjóð Reykjavíkur.

Fermetrar útsýnispalla (svala) eru almennt ekki reiknuð inn í leigufermetra fasteigna. Eru þeir því ekki reiknaðir inn leigufermetra Perlunnar, skv. leigusamningi. Sérstaklega er hins vegar talað um útsýnispallana í fylgiskjali A við leigusamning en þar kemur fram að útsýnispallur verði hluti af sýningarrýminu.

Hrólfur Jónsson